

Skrá 35. Útilíf

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins.

35. Spurningaskrá.

Leggjaskautar, ísaleggir.

Muna menn til þess að leggir úr stórgripum (kúm, hestum) hafi verið notaðir til að renna sér á um svell? Voru framfótaleggir úr naugripum taldir bestir til þeirra nota? Hvernig voru leggirnir lagaðir til (höggirnir á fletir, boraðir t.d.)? Hvað nefndust skautar af þessari gerð? Lýsið böndum ef þau voru notuð. Nefndust þau eitthvað? Voru það e.t.v. aðeins börn og unglingar, sem notuðu skauta af þessari gerð?

Lýsið broddstöfum, sem notaðir voru með leggjaskautum. Lýsið aðfstæðum og aðferðum við að renna (skauta) um svell á leggjaskautum. Var fótum aldrei lyft frá svelli? Var stafurinn aðeins notaður á einn veg, er skautað var? Hvernig? Hvenær, um það bil, lagðist það endanlega niður að nota leggjaskauta á svellum?

Skautar.

Lýsið heimasmiðuðum skautum, smíðafni og smíði. Var e.t.v. um mismunandi gerðir að ræða? Hvað nefndust einstakir hlutar skautans? Voru það ákveðnir smíðir, öðrum fremur, sem fengust við skautasmíði? Þekkja menn nokkurt verðlag á heimasmiðuðum skautum? Voru skautar almenn eign barna og fullorðinna? Hvenær koma útlendir stálskautar til sögunnar? Eru heimasmiðaðir skautar (tréskautar með skautajárni) enn í notkun?

Skautuferðir.

Minnist m.a. eftirfrandi atriða:

Hvað nefndist sú íþrótt að fara á skautum (skautahlaup t.d.)? Var orðið skautasvell miðað við svell með sérstakri áferð (yfirborði)? Voru skautahlaup (skautuferðir) almennt iðkaðar, er færi gafst, sem íþrótt og skemmtun. Voru skautar einnig notaðir til ferðalaga milli bæja eða byggða, er gott skautasvell gafst? Var algengt að börn og unglingar, jafnvel fullorðið fólk, söfnuðust saman á vetrum til að renna eða hlaupa á skautum? Á hvaða tíma sólarhringsins einna helst (rökkri, kvöldum t.d.)? Var algengt að hafa göngustaf meðferðis, er hlaupið var á skautum? Voru dæmi þess að menn beinlínis stofnuðu félagsskap um skautahlaup? Segið frá öðru, sem þessa íþrótt varðar og þýðingu hennar fyrir einstaklinga og samfélag. Er nokkur skáldskapur varðveittur varðandi skautahlaup? Er skautahlaup nú minni þáttur í skemmtun fólks að vetri en áður var?

Skíði.

Er skíðiáíþrótt þekkt frá fornu fari í byggðinni? Voru skíði almennt í eigu fólks, barna og fullorðinna? Minnst menn heimagerðra skíða? Segið, ef tók eru á, frá skíðum og skíðasmíðum. Var sérstakur viður sérstaklega kjörinn sem skíðaviður? Hvernig var unnið að skíðasmíði? Gerið sérstaklega grein fyrir því, hvernig unnið var að því að setja varanleg tábeygju á skíði. Segið frá stærð skíða. Lýsið tábandi. Voru dæmi þess að börn notuðust við ófullkomin skíði (t.d. tunnustafi), er þau byrjuðu að renna sér á snjó í líkingu við skíðamenn? Hvað er að segja um endingu íslenskra skíða? Eru heimasmiðuð skíði enn til á bæjum? Hvenær fóru innflutt skíði að ná útbreiðslu?

Skíðagöngur, skíðaferðir.

Við hvernig "gerðan" snjó var miðað, er talað var um gott eða vont skíðafæri? Lýsið aðstæðum til skíðaferða. Var um þetta farið ákveðnum orðum og orðasamböndum? Lýsið þætti skíða í daglegum störfum manna og samgöngum milli bæja og byggða. Minnst m.a.

eftirfarandi atriða: Hve ung lærðu börn að ganga á skíðum? Var sjálfsagt að nota skíði við ákveðin utanbæjarstörf í snjóalögum, t.d. er gengið var á fjárhús eða beitarhús? Voru skíði, er svo stóð á, helsta samböngutæki milli sveitabýla og milli byggða?

Hvernig bjuggu menn sig til skíðagöngu, einkum til fóta (snjósokkar t.d.)? Hvernig var hirt um skíði milli þess, sem þau voru notuð og undir ferðir (borin á feiti t.d.)?

Lýsið stöfum skíðamanna og greinið frá breytingum, sem orðið hafa á skíðastöfum. Var e.t.v. um mismunandi stafi að ræða miðað við ákveðin störf (sporreka, klofaklering beitarhúsamanna t.d.)?

Lýsið öðru, sem varðar þátt skíða og skíðaferða í daglegu lífi fólks að vetri. Lýsið hversu skíðaferðir eru enn gildur þáttur í störfum, ferðum og skemmtun almennings í byggðinni. Muna menn vísur eða kvæði tengd skíðaíprótt?

Þrúgur.

Þekkjast sagnir um það eða vita menn til þess að gengið hafi verið í lausasnjó á njóþrúgum (svigagjörð með áfestu neti). Hétu þær einhverju öðru nafni? Hér er sérstaklega miðað við íslenskar þrúgur, en vitað er að útlendar þrúgur hafa borist til Íslands á þessari öld, t.d. á árum síðari heimstyrjaldarinnar. Allur fróðleikur um þetta efni er vel þeginn.

Sleðar, sleðaferðir.

Voru sleðar almennt notaðir til flutninga, er sleðafæri gafst á vetrum? Hvað hétu einstakir hlutar sleða? Lýsið sleðum, smíðaefni og smíði. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Þóttu vissar trjátegundir öðrum fremur kjörnar sem sleðlaviður (eik t.d.)? Voru dæmi þess að sleðameiðar væru gerðir úr hvelbeini? Var járndrag yfirleitt fest neðan í sleðameiða?

Segið frá því ef um ólíkar gerðir sleða var að ræða og þá til mismunandi nota. Áttu sleðar mismunandi nöfn (grjót sleði, mykjusleði, heysleði o.s.frv.)?

Hvernig voru sleðar tengdir við dráttarhesta í flutningum (aktaumar, sleðakjálkar t.d.) Lýsið sérstaklega sleðakjálkum, ef þeir eru þekktir, og tengingu þeirra við sleða og hest.

Lýsið flutningum á sleðum og þýðingu þeirra fyrir aðdrætti og samgöngur á vetrum (reki frá sjó, grjótflutningur, heyflutningur, aðdrættir úr kaupstað, mykja á tún, sjúkraflutningur o.s.frv.)?

Á síðustu árum haf vélsleðar komið til sögunnar, en hafa menn enn not af sleðum að gömlu lagi? Eiga menn minningar um sögulegar sleðaferðir frá fyrri tíð?

Mannbroddar, göngujárn.

Margar ólíkar gerðir mannbrodna hafa verið í notkun hér á landi og gengið undir ólíkum nöfnum. Sumar gerðir hafa verið miðaðar við göngu í fjalli, aðrar á láglandi. Menn eru beðnir að lýsa þeim gerðum af mannbroddum, sem þeir hafa vanist við og greina frá nöfnum þeirra og nöfnum á einstökum hlutum mannbrodna. Hvað hétur t.d. leðurhankar í "eyrum" mannbrodna (urgur t.d.)?

Menn urðu að læra að ganga í fjalli á mannbroddum. Hvernig var þeim beitt á göngu? Eru mannbroddar enn notaðir, þegar hart er á til fjalla á láglandi? Þjóðminjasafni Íslands væri mikil þökk að fá send sýnishorn af mannbroddum, því heildarsafn þeirra fyrir landið allt er hvergi til.

Nautajárn.

Frá fornu fari hafa bændur átt nautajárn til að grípa til, er leiða þurfti nautgripi um ísa milli bæja. Mismunandi gerðir nautajárna hafa verið í notkun. Menn eru beðnir að lýsa þeim nautajárnum, sem þeir hafa spurnir af eða hafa séð eða haft undir höndum.

Leikir á fönnum.

Frá fornu fari hafa börn iðkað leiki úti á fönnum. Ber þar eigi síst að nefna þann leik að bruna eða renna sér niður hóla og brekkur. Til þess hafa ýmis hjálpartæki verið notuð, svo sem fjalir, bein, gaddaðar torfur og fleira. Sleðar hafa þar einnig komið mjög við sögu. Menn eru beðnir að lýsa þessum leikjum, hvernig þeir fjóru fram og hvaða tæki voru notuð fyrir brunið. Leika börn sér enn úti á fönnum með gömlu lagi?

Háðir ísi og fönnum hafa verið ýmsir aðrir leikir barna og væri ekki úr vegi að biðja menn að skrifa um þá í framhaldi af þessu. Hér má nefna t.d. gerð snjókerlinga, snjókarla og snjóhúsa, sem heyrir til nútíð engu síður en fortíð. Sama máli gegnir um gerð snjóbolta og snjókast. Áður fyrr voru dæmi þess að börn lærðu að draga til stafs á ísi eða fönnum. Sumsstaðar var viss þjóðtrú tengd því að hlaða snjókerlingu.

Göngustafir.

Margar gerðir af göngustöfum hafa verið í notkun hér á landi og koma sumir þeirra við sögu í þessari spurningaskrá. Efninu verður sennilega síðar gerð skil í sérstakri spurningaskrá um ferðir og flutninga. Æskilegt væri þó að menn létu hér í té tiltækan fróðleik um göngustafi, mismunandi gerðir stafa, m.a. miðað við brodd, veðra og hólk eða broddfæri einu nafni, húnastafi, og krókstafi, fjallstafi eða fjallastangir, atgerisstafi, vatnastangir, smalastaf, kolluprik o.s.frv. Hér kemur til greina mismunandi lengd stafa, miðað við mismunandi not, stafir með lausum hring, þjóðtrú varðandi stafi og sagnir um stafi. Allur fróðleikur um þetta efni er mikilsverður og kemur síðar að góðum notum.